

og 11 verið að dragnótaveiðum á v/b Erlingi, VE 295, um 2 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna, SA af Súlnaskeri, og hefur hann þar með gerzt brotlegur við 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og bráðabirgðalög nr. 37/1952 og lög nr. 81/1952.

V/b Erlingur er að stærð 22,6 rúmlestir brúttó og koma því ekki til greina ákvæði laga nr. 45/1937, sbr. lög nr. 26/1940, sbr. lög nr. 31/1951, um verknað ákærða.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952, hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til ríkissjóðs Íslands og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt heimild í 69. gr. 1. mgr. 1. og 3. tl. laga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 þykir rétt að ákveða, að afli og veiðarfæri um borð í v/b Erlingi, VE 295, skuli upptæk ger og renni andvirðið í ríkissjóð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Gíslason, greiði 4000 króna sekt í ríkissjóð Íslands og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri um borð í v/b Erlingi, VE 295, skulu ger upptæk og rennur andvirðið í ríkissjóð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. desember 1953.

Nr. 191/1952. **Rafveita Vestmannaeyja** (Sigurður Ólason)  
gegn

**Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum** (Gunnar J. Möller)  
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar **Hæstaréttar**.

Um heimild einkarafstöðvar til orkuflutnings.  
Fógetagerð. Ágreiningsatkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson bæjarfógetafrú hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 15. desember 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að lagt verði fyrir fógeta að rjúfa flutning á raforku frá aflvélum gagnáfrýjanda til söltunarhúss hans við svonefnda Friðarhöfn svo og til fiskverkunarhúss hans, Kína, við Strandveg, hvorttveggja í Vestmannaeyjum. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. *Til vara* krefst aðaláfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og verði þá hvor aðilja látinn bera kostnað sinn af málinu í Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 30. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að synjað verði um fógeta-gerð þá, sem krafizt er, og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar með þeirri breytingu, að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði. Þá krefst hann þess og, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1800.00.

#### Dómsorð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Rafveita Vestmannaeyja, greiði gagnáfrýjanda, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, kr. 1800.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Sératkvæði hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Hinn 4., 7. og 12. júlí 1951 birti atvinnumálaráðherra auglýsingu í Lögbirtingablaðinu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 12/1946 um fyrirhugaðan einkarétt til héraðs-

rafmagnsveitu í Vestmannaeyjum. Með bréfi til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 16. júlí 1951, æskti gagnáfrýjandi, að honum yrði leyft samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nefndra laga að reka áfram einkarafstöð sína í sambandi við atvinnurekstur sinn eins og áður. Sérstakt leyfi til handa gagnáfrýjanda, þar sem ákveðin séu staðartakmörk rafveitu hans, eins og mælt er í 2. mgr. 18. gr., hefur ekki enn verið gefið út. Hins vegar hefur ráðherra lýst því í bréfi til bæjarstjórnar Vestmannaeyja, dags. 12. marz 1952, að þeir, sem áttu rafveitur til einkanota í Vestmannaeyjum fyrir 15. október 1951, megi reka þær áfram á sama hátt og áður, unz annað verði ákveðið. Er hér um almenna heimild að ræða, sem virðist taka til allra einkastöðva, er reknar voru í Vestmannaeyjum fyrir 15. október 1951, þar á meðal til rafstöðvar gagnáfrýjanda.

Rafstöð gagnáfrýjanda er í sérstöku húsi við hlið hraðfrystihúss hans. Hafði gagnáfrýjandi leitt rafmagn frá stöðinni í svonefnt Söltunarhús sitt fyrir 15. október 1951, og ber því þegar af þeirri ástæðu að staðfesta niðurstöðu fógetaðómsins, að því er það hús varðar. Eftir 15. október 1951 eignaðist gagnáfrýjandi aðgerðarhúsið „Kína“, er stendur við hraðfrystihús hans. Hefur hann síðan notað það í atvinnurekstri sínum og leitt þangað rafmagn frá rafstöð sinni.

Gagnáfrýjandi hefur ekki aukið afl rafstöðvar sinnar eftir 15. október 1951, heldur aðeins hagnýtt aflið til eigin þarfa frekar en hann virðist áður hafa gert. Fyrrgreint ákvæði í bréfi ráðherra frá 12. marz 1952, að eigendum einkastöðva sé heimilt að reka þær áfram „á sama hátt og áður“, er með hliðsjón af 2. mgr. 18. gr. laga nr. 12/1946 eðlilegast að túlka þannig, að gagnáfrýjanda sé leyfilegt að notfæra sér afl rafstöðvarinnar, eins og það var 15. október 1951, til eigin þarfa innan takmarka atvinnustöðvar sinnar, svo sem henta þykir á hverjum tíma eftir fyrirkomulagi atvinnurekstrarins og þróun hans. Verður ekki talið, að orðin fyrirmuni gagnáfrýjanda að nota afl frá rafstöð sinni, meðan til hrekkur, til nýrra ljósastæða eða vinnuvéla í húsum atvinnufyrirtækisins, þegar þess gerist þörf, enda verður ekki staðhæft, að í bréfi ráðherrans felist ákvörðun um staðartakmörk rafveitu gagnáfrýjanda. Af þessu leiðir, að gagnáfrýjanda verður

ekki talið óheimilt að nota rafmagn frá rafstöð sinni í aðgerðarhúsinu „Kína“. Ber því einnig að synja um framkvæmd fógétagerðarinnar, að því er þetta hús varðar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð okkar verður því þannig:

Synjað er um framkvæmd fógétagerðar þeirrar, er í málinu greinir.

Aðaláfrýjandi, Rafveita Vestmannaeyja, greiði gagnáfrýjanda, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður fógétaréttar Vestmannaeyja 30. júní 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. þ. m., kom fyrir fógétadóm Vestmannaeyja hinn 16. apríl s. l. samkvæmt beiðni Garðars Sigurjónssonar rafveitustjóra, f. h. Rafveitu Vestmannaeyja, dags. 8. s. m. Setti gerðarbeiðandi fram þær réttarkröfur, að rofinn verði þegar í stað með fógétavaldi orkuflutningur frá aflvélum Vinnuslustöðvarinnar, hér, til söltunaráhúss fyrirtækisins á Friðarhafnarbryggju og til aðgerðarhússins Kína við Strandveg. Undir rekstri málsins hefur gerðarbeiðandi krafist málskostnaðar sér til handa úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að synjað yrði um framgang gerðarinnar og honum auk þess tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Samkvæmt gögnum málsins og málflytningi aðilja eru málsatvik þessi:

Um áramótin 1948—49 festi gerðarþoli, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, kaup á hraðfrystihúsi Fisks & Íss h/f við Strandveg. Hafði Fiskur & Ís h/f rekið þarna hraðfrystihús um rúmlega 7 ára skeið eða frá 1941 og notaði eigin raforku að nokkru leyti til starfsemi sinnar. Fyrsti rafallinn var 30 kw. og er enn til, en hefur ekki verið í notkun síðastliðin tvö ár samkvæmt frásögn gerðarþola. Skömmu eftir að gerðarþoli keypti húsið eða í apríl 1949, fékk hann 50 kw. rafal, sem settur var upp í sérstöku húsi fyrir vestan aðalvélasal stöðvarinnar. Annan rafal, 75 kw., fékk gerðarþoli í janúar 1951, og var hann settur upp í sama húsi og 50 kw. rafallinn. Þessar tvær vélar hafa verið í notkun síðan gerðarþoli eignaðist þær, en aðeins önnur í einu, en hin höfð til vara. Báðar eru riðstraumsvélar og sömuleðis 30 kw. rafallinn, enda eru flestar eða allar vinnsluvélar gerðarþola ætlaðar fyrir riðstraum.

Er gerðarþoli festi kaup á hraðfrystihúsi Fisks & Íss, átti hann ófullgert stórhýsi, nokkurn spöl norðar, niður við Friðarhafnarbryggju. Fór þar fram

aðgerð og söltun á fiski. Vorið 1951 lét gerðarþoli grafa fyrir jarðkapli á milli húsanna, og í byrjun júlímánaðar 1951 var kapallinn lagður og gengið frá skiptirofa. Hinn 11. þess mánaðar var svo hleypt straum á rafkerfi söltunarhússins frá rafstöð gerðarþola við hraðfystihúsið. Um þetta liggja fyrir 3 vottorð í málinu, er ekki hefur verið mótmælt sem óstaðfestum, og verður því frásögn þeirra lögð til grundvallar, þar sem ekki virðist ástæða til að véfengja þau.

Um síðustu áramót keypti gerðarþoli síðan húsið Kína við Strandveg. Stendur það sunnan við hraðfystihúsið og fast upp við það. Tók gerðarþoli hús þetta undir notkun fyrir fiskaðgerð og lét tengja það við einkarafstöð sína.

Auk rafmagns frá sinni eigin orkuveitu, fékk gerðarþoli rafmagn frá Rafveitu Vestmannaeyja til starfsemi sinnar, enda lá inntak frá bæjar-kerfinu inn í hús hans. Af reikningum, sem gerðarbeiðandi hefur lagt fram, er ljóst að rafmagnskaup gerðarþola fyrstu mánuði ársins 1952 hafa verið mun minni en sömu mánuði árið áður, þrátt fyrir aukna starfsrækslu. Virðist þetta ótvírætt gefa til kynna, að neyzla gerðarþola á eigin raforku hafi aukizt allverulega síðastliðið ár.

Á árinu 1950 tók til starfa ný rafstöð í Vestmannaeyjum, sem bæjarfélagið átti. Er hún mun stærri en sú sem áður var og framleiðir riðstraum í stað jafnstraums. Bæjarstjórn Vestmannaeyja fór fram á, að því er virðist á árinu 1951, að atvinnumálaráðuneytið veitti Rafveitunni einkarétt til sölu rafmagns í Vestmannaeyjum, enda gaf ráðuneytið út auglýsingu í þá átt hinn 27. júní 1951, sem birt var í Lögbirtingablaðinu hinn 4., 7. og 12. júlí 1951. Segir þar, að ráðuneytið hafi ákveðið samkvæmt heimild í raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, að Vestmannaeyjabær skyldi vera sérstakt orkuveitusvæði héraðsrafmagnsveitu og bæjarstjórnin hefði farið fram á einkarétt til að reka héraðsrafmagnsveitu á orkusvæðinu undir nafninu Rafveita Vestmannaeyja. Jafnframt var tekið fram, að þeir, sem kynnu að eiga raforkuveitur á orkuveitusvæðinu, skyldu skýra ráðuneytinu frá þeim innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óskuðu að halda starfrækslunni áfram.

Vegna auglýsingar þessarar skrifaði gerðarþoli hinn 16. júlí 1951 bréf til atvinnumálaráðuneytisins og fór fram á, að sér verði leyft eins og áður að starfrækja sína eigin rafveitu. Tók hann fram, að rafstöð fyrir A-C straum hefði verið sett upp í frystihúsi Fisks & Íss árið 1942, en eftir að hann keypti húsið, hafi starfrækslan verið aukin mikið og nú væru í húsinu þrjár ljósavélar, samtals 155 kw., og væri þessi orka notuð til ljósa og til að knýja sínora í sambandi við fiskiðnað sinn. Kvað hann nauðsynlegt hafa verið á sónum tíma að koma þessum vélum upp, þar eð Rafveitan í Vestmannaeyjum hefði ekki getað látið í té nægjanlega raforku og vafasamt væri, hvort hún gæti það ennþá.

Ekki er sjáanlegt, að ráðuneytið hafi svarað þessu bréfi, en hinn 12. marz 1952 skrifar atvinnumálaráðuneytið bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum svohljóðandi bréf:

„Ráðuneytið staðfestir hér með, að það hefur samkvæmt heimild í raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946 veitt bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar einkarétt til þess að reka héraðsrafmagnsveitu í Vestmannaeyjum undir nafninu Rafveita Vestmannaeyja, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana, þó þannig, að þeir, sem áttu rafveitur til einkanota fyrir 15. október 1951, megi reka þær áfram á sama hátt og áður fyrst um sinn, þar til ráðuneytið ákveður annað.“

Eftir móttöku bréfs þessa ákvað rafmagnsnefnd Vestmannaeyja á fundi hinn 17. marz s.l. að fela rafveitustjóra að láta stöðva framleiðslu rafmagns, er færi í bága við einkaleyfi rafveitunnar, og gæta þess að þeir, sem rétt hefðu til einkastöðva, yku ekki not sin af eigin rafmagni frá því, sem var fyrir 15. okt. s.l., nema því aðeins að samþykki rafveitunnar kæmi til. Rafveitustjóri taldi, að gerðarþoli hefði brotið gegn einkarétti rafveitunnar með því að tengja söltunarhúsið og Kína við orkuveitu sína og lét því hefja gerð þessa og gerði þær kröfur, sem áður eru greindar.

Meðan mál þetta stóð yfir, sneri gerðarþoli sér til atvinnumálaráðuneytisins og spurðist fyrir um, hvernig rétti sínum til rekstrar einkarafstöðvar væri háttað og hvernig hann skyldi haga starfrækslu hennar, svo ekki færi í bága við einkarétt gerðarbeiðanda. Svar við þessari fyrirspurn kveðst gerðarþoli ekki hafa fengið, þótt gengið hafi verið eftir því. Af ráðuneytisins hálfu virðast því ekki hafa verið sett önnur né fyllri fyrirsmáli um rétt gerðarþola en þau, er fram koma í áður tilfærðu bréfi frá 12. marz s.l. Að minnsta kosti liggja þau ekki fyrir í máli þessu.

Gerðarbeiðandi hefur lagt á það ríka áherzlu til stuðnings kröfum sínum, að orkuveita gerðarþola hafi ekki verið löglega tilkynnt til Rafmagnseftirlits ríkisins og tilkynningar til Rafveitu Vestmannaeyja um uppsetningu nýrra véla og tækja hafi verið af skornum skammti og ófullnægjandi. Hann hafi m. a. ekki tilkynnt um tengingu söltunarhússins né Kína við orkuveitu sína. Gerðarþoli hefur mótmælt þessu, en af gögnum þeim, sem fyrir liggja, virðist þó mega ráða, að talsvert hafi vantað á, að gerðarþoli hafi gætt fyrirskipaðrar tilkynningarskyldu. Þetta atriði verður þó ekki talið skipta máli um réttarstöðu gerðarþola gagnvart gerðarbeiðanda, m. a. er hvergi að því vikið í bréfi ráðuneytisins, að réttur þeirra, sem orkuveitur áttu til einkaafnota, skuli sæta takmörkunum af þessum sökum, og er þó ljóst, að ráðuneytinu var ekki ókunnugt um þetta.

Af orðalagi bréfs ráðuneytisins frá 12. marz s.l. og niðurlagi 18. gr. raforkulaga nr. 12/1946 virðist mega leiða, að gerðarþola sé óheimilt að færa út staðartakmörk orkuveitu sinnar frá því, sem var hinn 15. október 1951. Telja verður því, að honum hafi verið óheimilt að tengja aðgerðarhúsið Kína við orkuveitu sína, þar eð tenging fór fram eftir þann tíma. Hins vegar sýnist hæpið að draga þá ályktun af orðalagi bréfsins að starfræksla gerðarþola á orkuveitu sinni skuli dragast saman frá því sem var 15. okt. s.l., þótt starfrækslan hafi aukizt síðustu mánuðina á undan. Þykir því ekki unnt samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja,

að rjúfa orkuflutning frá orkuveitu gerðarþola til söltunarhússins við Friðarhafnarbryggju, og verður því að synja kröfu gerðarbeiðanda að því leyti. Aftur á móti ber að taka kröfu hans til greina, að því er varðar aðgerðarhúsið Kína, af þeim ástæðum, sem að ofan eru greindar.

Eftir atvikum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 300.00 upp í málskostnað.

Uppsaga úrskurðarins hefur dregið vegna anna við daglega afgreiðslu.

Því úrskurðast:

Krafa gerðarbeiðanda um framgang gerðarinnar skal tekin til greina að því leyti, að rofinn skal orkuflutningur frá orkuveitu gerðarþola til aðgerðarhússins Kína.

Gerðarþoli, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda, greiði gerðarbeiðanda, Garðari Sigurjónssyni, f. h. Rafveitu Vestmannaeyja, kr. 300.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. desember 1953.

Kærumálið nr. 16/1953.

**Kristbergur Jónsson**

gegn

**Sigríði Ketilsdóttur og Guðdísí Sigurðardóttur.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vitni heimilað að staðfesta skýrslu sína fyrir dómi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 14. nóvember þ. á., sem barst Hæstarétti 25. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 11. nóvember s. l., í vitnamáli varnaraðiljans Guðdísar gegn sóknaraðilja, en með úrskurðinum var þess synjað, að varnaraðilinn Sigríður Ketilsdóttir staðfesti vitnaskýrslu sína fyrir dómi.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðiljanum Sigríði heimilað að staðfesta vætti sitt fyrir dómi. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðiljans Guðdísar.